ISLANDIA 73

— merkur frímerkjaviðburður

ISLANDIA 73 — frímerkasýning, sem haldin er í tilefni aldarafmælis íslenzka frímerkisins verður opnuð almenningi föstudaginn 31. ágúst klukkan 19 og stendur hún til 9. september eða í 10 daga. Í gær er blaðamaður Morgunblaðsins gekk um sýningarsali á Kjarvalsstöðum í fylgd Jónasar Hallgrímssonar, sem um mörg ár hefur ritað í Mbl. um frímerki, hafði öllum sýningarrömmum verið komið fyrir, en eftir var að ganga frá veggskreytingum, sem gefa áttu sýningarsölunum líflegri svip. Verðmæti þeirra frímerkja, sem sýnd eru á sýningunni er ómetanlegt og aldrei hafa jafnmikil verðmæti íslenzkra frímerkja verið sýnd í einu. Frímerkin eru tryggð á 100 milljónir króna á meðan á sýningunni stendur.

Á sýningunni eru sýnd frímerki, sem aldrei áður hafa komið fyrir sjónir almennings, hvorki hérlendis né erlendis, en það eru heilar arkir af fyrstu útgáfum íslenzkra frímerkja, skildingafrímerki, sem gefin voru út 1873. Segja kunnugir að hér sé í raun um stórviðburð meðal frímerkjasafnara að ræða og meðal þeirra, sem áhuga hafa á frímerkjasöfnun, er slíkar arkir eru sýndar í fyrsta sinni. Arkirnar eru í eigu póst- og símamálastjórnarinnar. Í fyrra var sýnd ein örk með 4 skildingamerkjum og vakti hún svo mikla athygli, að hennar var getið í sænska sjónvarpinu, útvarpinu og öllum helztu dagblöðum þar í landi.

Jónas Hallgrímsson sagði í viðtali við Mbl. en hann er í sýningarnefnd og framkvæmda nefnd sýningarinnar, að sýning unni væri skipt í þrjár deildir: boðsdeild, sem póst- og símamálastjórnin og aðrir opinberir aðilar sýna í, heiðursdeild, þar sem sérstökum íslandssöfnurum er boðið að sýna og samkeppnisdeild, þar sem gefur að líta heildarsöfn íslenzkra frímerkja, söfn íslenzkra frímerkja fyrir árið 1900 og söfn frá síðustu aldamótum, sérsöfn, rannsóknasöfn og tegundasöfn. Póst- og símamálastjórnin mun veita verðlaun fyrir beztu söfnin í gulli, silfri og bronsi.

Í heiðursdeild sýningarinnar sýna margir frægir frímerkjasafnarar. Þar er safn sir Athelstan Caroe og manns, sem kallar sig dulnefninu Ambjörn Falk, en það safn var verðlaunað á frímerkjasýningu í Münch en nú í vor og var safnið þar sýnt við hlið safns Elisabetar Englandsdrottningar.

Þau verðmæti, sem nú eru saman komin innan veggja á Kjarvalsstöðum eru líklega ómetanleg, þar sem mikinn hluta frímerkjanna væri ekki unnt að bæta, ef þau færu forgörðum. Því verður stöðugur lögregluvörður við Kjarvalsstaði dag og nótt á meðan á sýningunni stendur. Vátryggingaupphæð sýningarefnisins er eins og áður sagði 100 milljónir króna, en eflaust er það allt of lág upphæð, þar sem safn Ambjörns Falks var eitt tryggt fyrir 2,1 milljón sænskra króna á leið þess til landsins eða fyrir rúmlega 43 milljónir íslenzkra króna.

Á sýningunni má og líta margt merkilegra frímerkja. Þar eru t.d. arkir frá árinu 1933 með yfirprentuninni „Hóp flug Ítala", en það eru hin svokölluðu Balbo-merki og voru þau notuð í póstflug milli Evrópu og Chicago á sínum tíma. Söluverð þriggja merkja samstæðu af merkjunum er áætlað um 60 þúsund krónur, en á sýningunni eru sýndar arkir með 100 stykkjum af merkjunum, svo að menn geta ímyndað sér, hvert verðgildið getur orðið á þremur samstæðum örkum.

Á sýningunni er einnig safn Hans Hals, sem Póst- og símamálastjórnin keypti árið 1946 fyrir 115 þúsund sænskar krón ur og þóttu það reyfarakaup, að sögn Jóns Aðalsteins Jónssonar, cand. mag., sem blaðamaður Mbl. hitti í sýningarsölunum í gær og er ritstjóri sýningarskrárinnar. Þá gefur einnig að líta mjög sjaldgæfa fjórblokk á 4ra skildinga merki frá 1873, fintakkaðri þjónustublokk.

Ýmislegt verður gert fyrir sýningargesti á meðan á sýningunni stendur. Minjagripir verða til sölu, frímerkjamöppur og flest kvöld verða fyrirlestrar um frímerki og kvikmyndasýningar. Fyrirlesarar verða innlendir sem erlendir sérfræðingar. Pósthús verður á staðnum og frímerkjasölur. Hinn 5. september verður svo haldið frímerkjauppboð á vegum Félags frímerkjasafnara og verður þar til sölu margt dýrmætra frímerkja. Skrá yfir uppboðsefnið er komin út og verður hún til sölu fyrir uppboðið, auk þess sem mönnum verður gefinn kostur á að kynna sér uppboðsfrímerkin og fágæt umslög á staðnum á uppboðsdaginn. Vitað er um að fjöldi frímerkjasafnara erlendis frá hefur boðað komu sína hingað vegna sýningarinnar, m.a. koma norrænir safnarar í hópferð hingað undir leiðsögn Axel Miltander, ritstjóra við Göteborgs-Posten, en hann er einnig einn fyrirlesara á sýningunni.




Edda Sigurðardóttir, teiknari, sem teiknaði frímerkin og merki Islandiu '73.

Sýningarskráin verður tölusett og er hún jafnframt happdrættismiði og er fyrsti vinningur ferð á alþjóðlega frímerkjasýningu í Stokkhólmi á næsta ári. Auk þess verða 10 aukavinningar. Þá verður gerð kvikmynd um sýninguna sérstaklega.

Í sambandi við þessa frímerkjahátíð verður efnt til hófs að Hótel Sögu hinn 4. september, sem hefjast mun með borðhaldi og er það opið öllum frímerkjasöfnurum og áhugamönnum um frímerkjasöfnun.

Teiknistofa Gísla B. Björnssonar hefur séð um allan undirbúning sýningarinnar og hefur Edda Sigurðardóttir, teiknari hjá Gísla haft veg og vanda af allri tilhögun í sýningarsölum. Hefur hún m. a. teiknað frímerkið, sem gefið verður út opnunardaginn. Hún sagði að það væri skemmtileg reynsla að teikna frímerki — hún hefði í raun ekki gert sér grein fyrir því í upphafi, hve mikil vina lægi þar á bak við og í raun væri aldrei unnt að spá neitt í útkomuna — hún kæmi teiknaranum á óvart.

Verndari sýningarinnar er forseti Íslands, herra Kristján Eldjárn.



Tvær verðmætar arkir. Til vinstri er 2ja skildinga örk (ómetanleg að sögn kunnugra), sem gefin var út fyrir 100 árum, en allar arkir í samstæðunni eru sýndar á sýningunni fyrsta sinni opinberlega. Til hægri er merki í 100 merkja örk með yfirprentun Balbo, „Hópflug Ítala" frá 1933. Samstæða með þremur merkjum kostar um 60 þúsund krónur, en þarna er unnt að sjá öll þrjú merkin í örkum.



Frumteikningar Eddu Sigurðardóttur að frímerkjunum sem út koma í tilefni 100 ára afmælis frímerkjaútgáfu á Íslandi.



Forráðamenn sýningarinnar í öðrum sýningarsal Kjarvalsstaða ásamt forstöðumanni hússins. Frá vinstri: Halldór Sigurþórsson, Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, Jónas Hallgrímsson, Guðlaugur Sæmundsson, framkvæmdastjóri sýningarinnar og Þór Þorsteinsson. (Ljósm. Mbl.: Brynjólfur Helgason)

Skrifstofa okkar

og vörugeymsla verða lokaðar fimmtud. 30. ágúst.

EGILL ÁRNASON
umboðs- og heildverzlun.
Skeifunni 3.